

## 8. fundur Umhverfisnefndar kjörtímabilið 2022-2026 haldinn 20. nóvember 2023 kl. 13:00

Mætt: Halldóra Hjörleifsdóttir formaður, Ragnheiður Georgsdóttir og Bjarni Arnar Hjaltason í fjarfundi.

FUNDARSTAÐUR: RÁÐHÚS HRUNAMANNAHREPPS

### DAGSKRÁ:

1. Fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2024.
2. Gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi.
3. Bréf frá Skógræktarfélagi Íslands
4. Erindisbréf Umhverfisnefndar.
5. Evrópska nýtni vikan.
6. Fundargerð aðalfundar SOS frá 27. Okt sl.
7. Niðurstöður vinnustofu um aðgerðaráætlun í loftslagsmálum.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir bárust.

#### 1. Fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2024.

Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri fór yfir drög að fjárhagsáætlun fyrir málefni nefndarinnar, eins og þau liggja fyrir eftir fyrstu umræðu í sveitarstjórn. Ljóst er að leggja þarf í kostnaðarsama uppbyggingu á gámasvæðinu. Úrgangsmál er stór kostnaðarliður hjá sveitarfélaginu sem þarf að hafa gott utanumhald um og verður það eitt af fyrstu verkum nýs starfsmanns að skoða þau mál.

#### 2. Gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi.

Aldís kynnti drög að gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs fyrir árið 2024.

Öll gjöld hækka um 8%.

Varðandi aukasorpjöld, hvetur umhverfisnefnd sveitarstjórn til að endurskoða þann lið í gjaldskránni og breyta innheimtu á gjaldi fyrir það sem er að koma inná gámsvæðið. Nauðsynlegt er að vera með betra utanumhald um það magn sem er að koma inná gámasvæðið til að hægt sé að rukka gjöld frá þeim sem eru að koma með úrgang inná gámasvæðið.

Umhverfisnefnd samþykkir gjaldskrána.

**3. Bréf frá Skógræktarfélagi Íslands.**

Með bréfinu vill félagið koma á framfæri ályktun sem gerð var á aðalfundi félagsins í byrjun september sl. Þar eru sveitarfélög hvött til að huga sérstaklega og verndun og varðveislu skógarreita, trjálunda og grænna svæða innan byggðar og í næsta nágrenni. Umhverfisnefnd tekur undir ályktunina. Í Hrunamannahreppi eru fallegir skógarreitir sem hafa verið nýttir til útivistar og kennslu og er verið að vinna því að gera þessa reita en betri með tilliti til þeirrar nýtingar.

**4. Erindisbréf Umhverfisnefndar.**

Erindisbréf umhverfisnefndar hefur verið samþykkt í sveitarstjórn og er því lagt hér fram til kynningar.

**5. Evrópska nýtniÓvikan.**

Dagana 18.-26. nóvember stendur Evrópska nýtnivikan yfir en markmið átaksins er að hvetja fólk til að draga úr óþarfa neyslu, nýta hluti betur og draga þannig úr myndun úrgangs. Þema ársins eru umbúðir undir slagorðinu *Höfum það umbúðalaust!*

Umhverfisnefnd hvetur fyrirtæki, stofnanir, íbúa og gesti sveitarfélagsins til að leggja sitt af mörkum til að draga úr myndun úrgangs.

**6. Fundargerð aðalfundar SOS frá 27. okt sl.**

Lögð fram til kynningar aðalfundargerð Sorpstöðvar Suðurlands.

**7. Niðurstöður vinnustofu um aðgerðaráætlun í loftslagsmálum.**

Formaður umhverfisnefndar sótti vinnustofu sem haldin var af Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Vinnustofan var haldin vegna vinnu við aðgerðaráætlunar stjórnvalda í loftslagsmálum. Niðurstöður vinnustofunnar voru lagðar fram til kynningar.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 14:00

*Fundarritari Halldóra Hjörleifsdóttir*